

Fimmtudaginn 19. desember 1996.

Nr. 178/1996.

Bergey hf.

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

gegn

Vélbátatryggingu Eyjafjarðar

(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)

Vátrygging. Bataábyrgðarfélag. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Páll Sigurðsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1996. Hann krefst þess aðallega, að kröfum stefnda í aðalsök í héraði verði vísað frá héraðsdómi og að stefnda verði dæmt að greiða 2.959.183 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtala­ga nr. 25/1987 frá 31. desember 1991 af nánar tilgreindum fjárhæðum. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 975.712 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 14. júlí 1994 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi, sem rekur útgerð frá Hofsósi, keypti fiskiskipið Geir, BA 326, frá Ísafirði samkvæmt afsali 31. júlí 1991, og hlaut það nafnið Berghildur, SK 137. Var skipið afhent áfrýjanda 2. mars 1991. Samkvæmt þágildandi 2. gr. laga nr. 18/1976 um bataábyrgðarfélag var skylt að húftryggja skipið hjá stefnda. Samkvæmt gögnum málsins var skipið flutt úr húftryggingu 1. mars 1991 frá Vélbataábyrgðarfélagi Ísfirðinga til Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, sbr. ákvæði um félagssvæði í 7. gr. þágildandi reglugerðar nr. 367/1976 um bataábyrgðarfélag.

II.

Í desember 1992 fól stefndi lögmanni að innheimta iðgjöld og fleiri skuldir vegna fyrrnefnds skips frá árunum 1991 og 1992.

Greiðsluáskorun var birt áfrýjanda 18. desember og aðfararbeiðni árituð af héraðsdómi í febrúar 1993. Fjárnám var gert í skipinu til tryggingar kröfum stefnda 1. júlí 1993. Var það fellt úr gildi með dómi Hæstaréttar 19. maí 1994. Stefndi höfðaði síðan mál þetta fyrir héraðsdómi með stefnu, birtri 23. desember 1994. Krafðist hann í fyrsta lagi málskostnaðar vegna fjárnámsins í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals að fjárhæð 430.846 krónur, og auk þess greiðslu á ýmsum viðskiptaskuldum áfrýjanda frá árunum 1991, 1992 og 1993, svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi.

Af kröfugerð stefnda hér fyrir dómi leiðir, að hann hefur fallið frá kröfu um greiðslu kostnaðar við fjárnámið.

III.

Kröfur stefnda fyrir Hæstarétti eru einkum vegna viðskipta málsaðila árin 1991-1993. Varða kröfurnar aðallega váttryggingariðgjöld og greiðslur stefnda á váttryggingarbótum vegna Berghildar. Til stuðnings kröfunum lagði hann í fyrsta lagi fram reikningsyfirlit vegna skipsins, dagsett 31. desember 1991, og er tölulegur texti yfirlitsins í heild tekinn upp í héraðsdómi.

Reikningsyfirlitið hefst með færslu á skuld frá fyrra ári, að fjárhæð 98.221 króna, sem er mismunur tekna og gjalda í árslok 1990. Fjárhæðinni til skýringar bendir stefndi á endurrit úr viðskiptamannabókhalda sínu, sem sýnir iðgjöld, innborganir frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna upp í iðgjaldsskuldir, greiddar váttryggingarbætur og fleira. Í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda, að þessi viðskipti á árinu 1990 hefðu verið vegna eldra skips, er áfrýjandi átti með sama nafni og einkennisstöfum og skip það, sem mál þetta varðar.

Niðurstaða reikningsyfirlitsins er sú, að áfrýjandi skuldi stefnda 780.725 krónur í árslok 1991. Í lok reikningsyfirlitsins er fjárhæð þessi færð á „4090-1581“. Sama dag eru 23.692 krónur færðar á „aðalreikning“. Ekki er ljóst, hvernig fyrrnefnd 23.692 króna færsla á „aðalreikning“ er fundin eða hvernig þeim reikningi er háttað.

Að öðru leyti setur stefndi kröfur sínar fram í formi yfirlits um viðskipti málsaðila framangreind ár, og er sundurliðun þess einnig tekin upp í héraðsdóm. Svo sem sjá má af dómnum, hefst viðskiptayfirlit þetta, að því er varðar árið 1991, með áðurnefndri

skuld, að fjárhæð 780.725 krónur. Síðan er fært gjalda megin iðgjald, að fjárhæð 1.121.504 krónur, vegna húftryggingar Berghildar fyrir tímabilið 1. mars til 31. desember 1991, iðgjald af vátryggingu vegna áhafnar skipsins, 182.324 krónur, og loks matskostnaður, 3.980 krónur. Tekna megin eru „Innborganir frá LÍÚ 1991“, að fjárhæð 699.625 krónur, og „Bergh. aðstoðar Jökul“, 164.200 krónur. Við færslur þessar eru engar dagsetningar, og hefur stefndi ekki gefið viðhlítandi skýringar á tengslum þeirra við framangreint reikningsyfirlit, dagsett 31. desember 1991. Færslur á yfirlitunum fyrir 1992 og 1993 eru einnig ódagsettar. Mismun 1991, 1.224.708 krónur, færir stefndi til næsta árs, og eru viðskipti síðan rakin í kröfugerð hans til ársloka 1993, og fæst þá höfuðstóllinn 315.749 krónur, sem stefndi krefur áfrýjanda um.

Engin grein er gerð fyrir því, hvernig áðurgreint yfirlit stefnda um viðskipti frá 1991 til 1993 er unnið úr bókhaldi hans. Reikningsyfirlitið 31. desember 1991 og viðskiptayfirlitið eru aðeins að hluta til studd fylgiskjölum eða öðrum gögnum, er skýra fjárhæðir, sem þar er að finna. Fylgiskjöl, sem þó liggja fyrir, eru ekki sett fram með skipulegum hætti, og til þeirra er ekki vísað í yfirlitum stefnda. Númer, sem eru við færslur í reikningsyfirlitinu 31. desember 1991 og virðast vera tilvísanir til fylgiskjala, eru ekki öll á skjölum, er stefndi lagði fram.

Stefndi krafðist í héraði vaxta af stefnukröfunni og greindi tiltekinn vaxtafót af nánar tilteknum fjárhæðum til stefnubirtingardags. Frá þeim degi til greiðsludags krafðist hann vaxta, „sem eru 1% lægri en hæstu víxilvextir Landsbanka Íslands, sbr. 31. gr. reglugerðar nr. 367/1976 . . .“. Fyrir Hæstarétti krefst hann staðfestingar héraðsdóms, sem dæmdi áfrýjanda til að greiða nánar tilgreindan höfuðstól „ásamt almennum innlánsvöxtum“ frá 23. desember 1994 til greiðsludags. Hvort sem miðað er við kröfugerð í héraði eða fyrir Hæstarétti, er þessi vaxtakrafa stefnda ekki með þeim hætti, að dómur verði felldur á hana, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er þessi þáttur vaxtakröfu hans ekki nægilega skýrt greindur.

Pegar litið er til þess, sem nú var rakið, verður að fallast á með áfrýjanda, að kröfur stefnda um greiðslur úr hendi áfrýjanda séu í verulegum atriðum vanreifaðar og ekki til þess fallnar, að efnisdóm-

ur verði lagður á þær. Þykir málatilbúnaður hans í heild varðandi þessar kröfur vera svo óskýr, að vísa verði aðalsök frá héraðsdómi.

IV.

Í seinni þætti aðalkröfu sinnar krefur áfrýjandi stefnda um greiðslu á 2.959.183 krónum. Er þar annars vegar um að ræða ýmsa liði, sem stefndi færði áfrýjanda til tekna á viðskiptayfirlitunum fyrir árin 1991 til 1993, svo og einn tekjulið frá 1994. Eru þeir samtals 2.236.781 króna. Hins vegar er krafa um iðgjöld, sem áfrýjandi telur vera ofgreidd af húftryggingu Berghildar. Nemur sú krafa 722.402 krónum.

V.

Í fyrrnefndri kröfu, að fjárhæð 2.236.781 króna, felast átta liðir. Sex þeirra varða váttryggingarbætur, sem stefndi hefur allar fært áfrýjanda til tekna. Þá er einn liður endurgreiðsla vegna hafnarlegu Berghildar, en endurgreiðsluna hefur stefndi dregið frá iðgjaldskuld áfrýjanda vegna húftryggingar skipsins. Loks eru vextir, er stefndi tók á sig gagnvart áfrýjanda í tengslum við skuld hans við Byggðasjóð. Stefndi greiddi Byggðasjóði skuldina á árinu 1991, en hún var tryggð með veði í Berghildi. Er greiðsla stefnda á veðskuldinni færð áfrýjanda til gjalda á fyrrgreindu reikningsyfirliti 31. desember 1991.

Um kröfu þessa segir áfrýjandi í gagnstefnu í héraði, að hún sé ekki endanleg. Fyrir því færir hann þau rök, að umræddar váttryggingarbætur, sem stefndi hafi viðurkennt, hrökkvi ekki til að greiða réttmætar tjónkröfur áfrýjanda, og auk þess sé reiknuð endurgreiðsla vegna hafnarlegu of lág.

Þegar vegna síðastgreindra röksemda áfrýjanda þykir verða að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi þessum átta kröfuliðum, alls að fjárhæð 2.236.781 króna.

VI.

Kröfu sína um oftekin iðgjöld, að fjárhæð 722.402 krónur, reisir áfrýjandi einkum á því, að váttryggingarfjárhæð, sem er grundvöllur krafna stefnda um húftryggingariðgjald, hafi verið of há. Telur áfrýjandi matsverð Berghildar mun herra en raunverulegt verðmæti

skipsins árið 1991. Auk þess heldur áfrýjandi því fram, að á matinu séu formgallar, þar sem ekki hafi verið gætt ákvæða um matsmenn og skoðun í lögum nr. 18/1976. Hafi matið af þessum ástæðum ekkert gildi að lögum.

Í 5. mgr. 13. gr. laga þessara segir, að bátaábyrgðarfélag, vátryggður og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum geti hvert um sig krafist yfirmats, og skuli það gert af dómkvöddum, sérfróðum mönnum. Áfrýjandi hefur ekki nýtt sér rétt sinn til að óska yfirmats samkvæmt ákvæði þessu. Er þessi krafa hans því ekki reist á slíkum lagagrunni, að tækt sé að fella dóm á hana. Verður þegar af þeirri ástæðu að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfu hans um endurgreiðslu oftekinna iðgjalda af húftryggingu.

VII.

Í meginatriðum styðst varakrafa áfrýjanda um greiðslu 975.712 króna úr hendi stefnda annars vegar við það, að nánar tilgreindar fjárhæðir, sem stefndi færir áfrýjanda til skuldar í reikningsyfirliti 31. desember 1991, eigi í ýmsum atriðum ekki við rök að styðjast. Hins vegar styður áfrýjandi varakröfuna við, að stefndi hafi reiknað sér of há iðgjöld af húftryggingu Berghildar. Síðarnefnda atriðið er sama marki brennt og kröfugerð, sem fjallað er um í VI. kafla. Í heild tengist varakrafan uppgjöri þeirra krafna stefnda, sem vísað var frá í III. kafla, með þeim hætti, að óhjákvæmilegt virðist að fjalla um þá saman. Af þessum sökum verður að vísa varakröfu áfrýjanda sjálfkrafa frá héraðsdómi.

VIII.

Samkvæmt framangreindu verður hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi og málinu vísað í heild sinni frá héraðsdómi. Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað í heild frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. apríl 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. f. m., hefur stefnandi, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, kt. 690269-6359, Kaupvangsstræti 4, Akureyri, höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 10. september 1994 af Þorsteini Hjaltasyni hdl. og birtri 23. desember það ár fyrir Una Péturssyni, kt. 190342-2639, Kirkju-götu 9, Hofsósi, f. h. Bergeyjar hf., kt. 560190-1159, sama stað, en hann er stjórnarformaður félagsins. Málið var þingfest hér fyrir dómi 12. janúar 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.947.328 kr. [með nánar tilgreindum vöxtum, en að frádregnum samtals 5.200.733 krónum skv. nánari sundurliðun].

Dómkröfur stefnda eru eftirfarandi: í fyrsta lagi, að dómkröfum stefnanda í aðalsök verði vísað frá dómi að hluta, en til vara, að stefndi verði al-sýknaður af dómkröfum stefnanda í aðalsök, til þrautavara, að dómkröfur stefnanda í aðalsök verði lækkaðar verulega, í fjórða lagi, að viðurkenning á kröfu stefnanda um lögveð í Berghildi, SK-137, verði hafnað, í fimmta lagi, að stefnda verið tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda. Í sjötta lagi krefst stefndi þess, að gagnstefna, er hann hefur gefið út á hendur stefnanda, verði sameinuð máli þessu, en með gagnstefnu, út gefinni í Reykjavík 17. janúar 1995 f. h. aðalstefnda, Bergeyjar hf., birtri 23. s. m. fyrir framkvæmdastjóra aðalstefnanda, Óla Þór Ástvalds, kt. 080849-7969, Skarðshlíð 7 D, krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.284.015 kr. ásamt dráttarvöxtum [...]. Í öðru lagi er þess krafist, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 900.000 kr. ásamt dráttarvöxtum [...]. Í þriðja lagi er þess krafist, að stefndi greiði gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins. Þess er aðallega krafist, að dómkröfur gagnstefnanda í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök, að svo miklu leyti sem til þarf, og að sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um þann hluta kröfunnar, sem eftir stendur, til vara, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur í gagnsök, hvort sem aðalsök verði vísað frá dómi í heild sinni eða stefndi í aðalsök verði al-sýknaður. Þá er þess krafist, að gagnsakarmál þetta verði sameinað aðalmálinu.

Í gagnsök krefst gagnstefndi þess að vera sýknaður af dómkröfum gagnstefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda auk virðisaukaskatts að mati dómsins.

Álit dómsins.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður að telja tölulega sann- aðar þær fjárhæðir, er stefnandi krefur stefnda um í aðalsök og varða

viðskipti stefnanda sem váttryggjanda, þannig, að skuld stefnda samkvæmt viðskiptareikningi stefnanda nam 315.749 kr., er viðskiptum lauk. Orðalag samkomulags aðila 25. mars 1991 verður ekki á annan veg skilið en stefndi haldi áfram viðskiptum við stefnanda, enda þótt Uni Þórir Pétursson, framkvæmdastjóri stefnda, haldi því fram, að um fullnaðarskuldaskil hafi verið að ræða með aðilum. Á það má fallast með stefnda, að hann eigi ekki að bera kostnað af fyrri málaferlum stefnanda gegn sér, er hann fór halloka og Hæstiréttur dæmdi að lyktum með röngum dómi samkvæmt fullyrðingum lögmanns stefnanda. Hafa lyktir fyrra máls res judicata-verkun í þessu máli, og er því málskostnaðarkröfu stefnanda, að fjárhæð 430.846 kr., vísað frá dómi.

Víta ber ummæli lögmanns stefnanda í stefnu um málsmeðferð Hæstaréttar Íslands í hinu fyrra máli.

Ekki getur dómurinn fallist á þá málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi haft stöðu stjórnvalds, þó að um skylduváttryggingu hafi verið að ræða hjá honum. Stefnandi var að sínu leyti skyldur að váttryggja og réð ekki, hverjir voru viðskiptamenn hans til ársloka 1993. Til þess ber einnig að líta, að skv. lögum nr. 18/1976 svo og rg. nr. 367/1976 hafði stefndi færi á að koma sjónarmiðum sínum og andmælum á framfæri gagnvart stefnanda, m. a. gat hann krafist nýs mats eða yfirmats á váttryggingarverði báts síns, og ekki verður séð, að stefnanda hafi verið nokkur hagur í því að hafa bátinn váttryggðan á yfirverði. Ekki er fallist á þær málsástæður stefnda, að viðskipti aðila hafi verið stjórnarskrárbrot né brot á Mannréttindasáttmála Evrópu né heldur, að 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, eigi við um viðskipti þeirra. Fyrir þessum málsástæðum hefur hann ekki fært nægjanleg rök. Enda þótt stefndi hafi keypt bátinn „strípaðan“ á sínum tíma að eigin sögn og á toppverði, verður ósennilegt að telja, að svo reyndur útgerðarmaður sem framkvæmdastjóri stefnda er, hafi ekki vítað, hvar báturinn var tryggður, né heldur kunn þau úrræði, er tiltæk voru til endurmats váttryggingarverðs hans. Á slíku tómlæti um eigin hag verður stefndi sjálfur að bera ábyrgð.

Einhliða ákvörðun stefnda eftir á á váttryggingarverðmæti bátsins á sér enga stoð, enda beinlínis ranglátt og ósanngjarnt gagnvart stefnanda, sem ábyrgðist mun meira verðmæti en nam kaupverði bátsins upphaflega.

Að því er varðar sýknukröfu stefnda af lögveðskrófu stefnanda, er á hana fallist, þar sem ekki verður séð samkvæmt gögnum málsins, að fjárhæðir þær, sem í vanskilum eru, séu nákvæmlega vegna skoðunar- og váttryggingariðgjalda af bátnum skv. 17. gr. laga nr. 18/1976.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er krafa stefnanda í aðalsök tekin til

greina, að stefndi greiði honum 315.749 kr. ásamt vöxtum, eins og síðar verður getið.

Í gagnsök er gagnstefndi sýknaður af kröfum gagnstefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Að því er vaxtakröfu stefnanda varðar, verður ekki af gögnum málsins séð, að stefndi hafi verið skuldfærður um vexti á viðskiptareikningi hans. Ákvæði 2. mgr. 31. gr. rg. nr. 367/1967 er eingöngu heimildarákvæði til að reikna vexti á ógreidd iðgjöld, sem eru 1% lægri en víxilvextir Landsbanka Íslands. Ákvæði þetta er eingöngu bundið í reglugerð og er undantekningar- og heimildarákvæði. Þykir því rétt, að í uppgjöri aðila gildi ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum og að upphafstími vaxta teljist frá stefnubirtingu aðalsakarinnar 23. desember 1994 og stefndi greiði stefnanda almenna innlánsvexti, eins og í dómsorði greinir.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bergey hf., greiði stefnanda, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, 315.749 kr. ásamt almennum innlánsvöxtum frá 23. desember 1994 til greiðsludags.

Gagnstefndi, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, er sýknaður af kröfum gagnstefnanda, Bergeyjar hf., í gagnsök.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.
